

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLIV. árgangur.

1963.

Miðvikudaginn 9. janúar 1963.

Nr. 71/1962. **Baldur Guðmundsson**

gegn

Síldarverksmiðjunni í Krossanesi.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Baldur Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 16. janúar 1963.

Nr. 164/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Agnari Bogasyni og

Theódór Lárusi Ólafssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot. Ábyrgð samkvæmt lögum um prentrétt.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, er ákærði Agnar Bogason

ritstjóri Mánudagsblaðsins og ákærði Theódór Lárus Ólafsson framkvæmdastjóri veitingahússins Glaumbæjar í Reykjavík.

Í auglýsingu þeirri, sem birtist í Mánudagsblaðinu hinn 30. apríl 1962 og mál þetta er af risið, er mynd af vínbar veitingahússins Glaumbæjar. Sjást þar birgðir vínfanga og veitingaþjónn að fylla vínglas. Til hliðar við myndina er orðið: Drekkið. Mynd þessi kynnir á einhæfan hátt framboð veitingahússins á áfengi, og í beinu sambandi við hana er í orði hvatt til drykkju þar. Þegar þetta er virt, þykir auglýsingin verða að teljast áfengisauglýsing í merkingu 16. gr., sbr. 41. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Yfir greindri auglýsingu er heitið Glaumbær og undir henni orðin: Skemmtið ykkur í Glaumbæ, auk talsímanúmera fyrirtækisins. Er veitingahús það, sem áður getur, þannig nafngreint sem auglýsandi. Ákærði Theódór Lárus, sem samþykkti gerð auglýsingarinnar og hlutaðist til um birtingu hennar, ber því refsíabyrgð á efni hennar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, en ákærði Agnar þá eigi, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, verður ákærða Agnari dæmd sýkna, en ákærða Theódór Lárusi samkvæmt nefndum ákvæðum laga nr. 58/1954 refsing, sem þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi í sektar stað varðhald 2 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum, sbr. 2. mgr. 140. gr. laga nr. 82/1961, er rétt, að um greiðslu málskostnaðar fari þannig:

Ákærði Theódór Lárus greiði í rikissjóð upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti kr. 1.000.00. Annan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00, greiði ákærði Theódór Lárus að hálfu, en rikissjóður að hálfu.

Dómsorð:

Ákærði Agnar Bogason á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði Theódór Lárus Ólafsson greiði 300 króna sekt í Menningarsjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Theódór Lárus Ólafsson greiði til ríkissjóðs kr. 1.000.00 upp í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti. Annar kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, greiðist að hálfu af ákærða Theódór Lárusi og að hálfu úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. september 1962.

Ár 1962, föstudaginn 7. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4607—4608/1962: Ákæruvaldið gegn Agnari Bogasyni og Theódóri Lárusi Ólafssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 2.. f. m., gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, Tjarnargötu 39, fæddum 10. ágúst 1921 í Reykjavík, og Theódóri Lárusi Ólafssyni framkvæmdarstjóra, Langagerði 12, fæddum 18. nóvember 1923 á Skagaströnd, fyrir brot gegn 2. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 58/1954, en ákvæði þetta eru þeir taldir hafa brotið með því að birta í 15. tbl. 15. árg. Mánudagsblaðsins, er út kom 30. apríl 1962, auglýsingu frá veitingahúsinu Glaumbæ, sem teljast verði til áfengisauglýsinga. Er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Agnar Bogason er ritstjóri vikublaðsins Mánudagsblaðsins, sem út er gefið hér í borg. Ákærði Theódór Lárus Ólafsson er framkvæmdastjóri veitingahússins Glaumbæjar við Fríkirkjuveg, hér í borg.

Í 15. tbl. 15. árg. Mánudagsblaðsins, sem út kom 30. apríl sl., birtist á 7. bls. auglýsing frá Glaumbæ. Texti auglýsingarinnar er þessi: „Glaumbær. Borðið Drekkið Skemmtið ykkur í Glaumbæ. Allir salir opnir — Símar 22643 — 19330“. Í auglýsing-

unni er einnig mynd úr salarkynnum veitingahússins, og sést þjónn þar vera að hella í glas, en flöskur í baksýn.

Ákærðu ber saman um, að þeir hafi staðið að auglýsingu þessari. Glaumbær hafi ákveðið að setja auglýsingu í blaðið. Ákærði Agnar hafi svo gert tillögu um form auglýsingarinnar, en ákærði Theodór Lárus samþykkt það. Mynd sú, er áður getur, er af Stefáni Þorvaldssyni þjóni, og er tekin í vinstúku veitingahússins („Káetunni“) í sambandi við viðtal, sem blaðið hafði átt við Stefán og birtist 12. marz.

Í 2. mgr. 16. gr. áfengislaga er bann lagt við áfengisauglýsingum. Úrlausnarefnið er því í þessu máli, hvort áðurnefnd auglýsing verði talin áfengisauglýsing.

Í texta nefndrar auglýsingar eru menn hvattir til að borða, drekka og skemmta sér í Glaumbæ. Glaumbær hefur leyfi til áfengisveitinga. Orðið „drekkið“ getur að vísu átt við áfengi það, sem húsið veitir, en einnig tekur það til fjölmargra tegunda óáfengra drykkja, sem veitingahúsið hefur að sjálfsögðu á boðstólum. Að álit dómsins hlýtur vínveitingahúsi að vera heimilt að auglýsa með almennum orðum það, sem það hefur upp á að bjóða, enda sé áfengi ekki auglýst sérstaklega. Auglýsing sú, sem ákært er út af, verður að teljast einmitt slík almenn auglýsing, og telur dómurinn eigi rétt að túlka 2. mgr. 16. gr. áfengislaga svo rúmt, að hún taki til auglýsinga af þessu tagi.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, þykir auglýsing sú, er ákært er út af, ekki verða talin áfengisauglýsing í skilningi 16. gr. áfengislaga. Ber því að sýkna ákærðu af kröfum ákærvaldsins um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar. Ákveða ber, að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærðu Agnar Bogason og Theodór Lárus Ólafsson skulu vera sýknir af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.
